



Reykjavík, 19. ágúst 2024
MSS24060064

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um áfangaheimilið Brú við Stórhöfða

Þann 13. júní 2024 lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Áfangaheimilið Brú við Stórhöfða var lokað í janúar síðastliðnum en þar bjuggu þá um átján einstaklingar, sem voru í endurhæfingu eftir áfengis- og fíknimeðferð. Formaður velferðarráðs Reykjavíkur tilkynnti í desember að Reykjavíkurborg myndi finna umræddum einstaklingum annan stað og þannig leysa húsnæðisvanda þeirra. Óskað er eftir upplýsingum um hvernig sú vinna gengur. Hvernig verður vandi þessa hóps leystur og hvenær verður hann að fullu leystur?

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar velferðarráðs með bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 26. júní 2024.

Svar:

Félagsbústaðir hf. festu kaup á húseigninni að Höfðabakka 1 árið 2005. Um er að ræða 18 íbúðaeiningar sem allar eru með fastanúmer. Samhjálp hafði húsnæðið til umræða frá því að húsið var keypt. Lengst af tímanum sá Samhjálp um úthlutun íbúða en Félagsbústaðir hf. sáu um gerð húsaleigusamninga við leigjendur, innheimtu á leigu, viðhald og fleira. Árið 2021 var gerður leigusamningur við Samhjálp til tveggja ára um leigu á öllu húsinu. Samhjálp sá áfram um úthlutun íbúða og tók við gerð leigusamninga en Félagsbústaðir hf. héldu áfram að sjá um viðhald.

Við gerð leigusamningsins árið 2021 var Samhjálp gert ljóst að ekki stæði til að endurnýja samninginn og töldu fulltrúar Samhjálp að leigutíminn, 2 ár, væri nægjanlegur til þess að finna starfseminni annað húsnæði. Félagsbústaðir hf. buðu Samhjálp að kaupa húsið miðað við ákveðnar forsendur en því var hafnað.

Haustið 2023 hófust viðræður við Samhjálp um hvernig best yrði staðið að lokun samningsins. Haldnir voru fundir með leigjendum, Samhjálp, Félagsbústöðum hf. og velferðarsviði. Leigjendur voru upplýstir um að frá áramótum 2024 yrði ekki lengur rekið áfangaheimili í húsnæðinu heldur yrði íbúðum í húsinu úthlutað samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Var þeim leiðbeint um að hafa samband við þá miðstöð sem lögheimili þeirra tilheyrði til að sækja um félagslegt leiguhúsnæði og var gert ljóst að ef viðkomandi uppfyllti skilyrði reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði fengju þeir úthlutað þeirri íbúð sem þeir þegar hefðu ef þeir óskuðu þess. Ef svo væri ekki myndu þeir fá ráðgjöf um húsnæðisleit og fá þrjá mánuði til að skila inn þeirri íbúð sem þeir voru í.

Í janúar 2024 hafði meirihluti leigjenda eða alls 13 óskað eftir og fengið áframhaldandi leigusamning í húsnæðinu að Höfðabakka 1. Tveir einstaklingar voru með lögheimili í öðru sveitarfélagi og var þeim leiðbeint um að leita þangað. Einn einstaklingur vildi flytja út og fann sér sjálfur annað húsnæði. Þá uppfyllti einn einstaklingur ekki reglur um félagslegt



leiguhúsnæði og einn fékk flutning í annað húsnæði Félagsbústaða vegna sérstakra aðstæðna.

Úthlutað hefur verið í þær íbúðir sem hafa losnað samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði og eru allar íbúðir í útleigu í dag fyrir utan eina.

Í júlí 2024 eiga þrír leigjendur á Höfðabakka 1 umsókn um milliflutning í annað húsnæði Félagsbústaða hf. Ekki er hægt að segja til um hvenær til úthlutunar kemur sem veltur annars vegar á því hvaða húsnæði er til úthlutunar hverju sinni og hins vegar hverjar óskir, þarfir eða aðstæður umsækjanda eru.

